


Tengiliður:
Vala Valtýsdóttir
Vala.valtysdottir
@deloitte.is

 **Erfðafjárskattur af verðlausum hlutabréfum – talið til eignar á lokakaupgengi dánardags**

Punkturinn

4. tbl., júní 2009

Nýlegir úrskurðir yfirskattanefndar

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 27/2009 – Erfðafjárskattur af verðlausum hlutabréfum

Neðangreindur úrskurður sýnir glöggvæði erfðafjárskattslaga við mat á virði hlutabréfa um þessar mundir. Í lögum um erfðafjárskatt segir að hlutabréf skulu vera metin á kaupgengi eins og það var skráð við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleiddanda. Nú hafa markaðshlutabréf hrunið í verði eða orðið verðlaus, sem og verið er að rannsaka hvort markaðsmisnotkun hafi viðgengst í einhverjum mæli. Það telst til markaðsmisnotkunar að hífa upp verð hlutabréfa með fölskum gerningum eða sýndarviðskiptum, sbr. 117. gr. laga um verðbréfavíðskipti en þá er oft markmið með misnotkuninni að hafa sem hæst lokagengi. Að miða við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleiddanda getur því verið langt frá raunsæri mynd af verði hlutabréfa á hverjum tíma. Í tilviki þessu var mat hlutabréfa miðað við ofangreint kr. 15.374.416 kr. en þegar skýrslunni var skilað hafði íslenska ríkið yfirtekið stærstu banka landsins og bréfin því ekki aðeins verðlaus heldur voru þau ekki lengur til.

Í úrskurði yfirskattanefndar í þessu tilviki krafðist kærandi lækkunar á skattstofni til erfðafjárskatts vegna hlutabréfa sem urðu verðlaus við yfirtöku íslenska ríkisins á stærstu bönkum landsins haustið 2008, þ.e. Landsbanka Íslands hf., Glitni hf. og Kaupþingi hf. Dánardagur arfleiddanda var í október 2007 og var erfðafjárskýrslunni skilað innan lögmæltra tímamarka, eða í október 2008.

Fram kom í úrskurði yfirskattanefndar að lög nr. 14/2004 um erfðafjárskatt væru afdráttarlaus um að hlutabréf, sem skráð væru á skipulegum verðbréfamarkaði, bæri að telja til eignar á kaupgengi eins og það væri skráð

við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda og að ákvarða bæri skattstofn erfðafjárskatts til samræmis við það, sbr. ákvæði 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 14. gr. umræddra laga.

Úrskurður yfirkattanevndar nr. 53/2009 – Skattlagning fastrar starfsstöðvar hér á landi

Í nýlegum úrskurði yfirkattanevndar nr. 53/2009 er fjallað um skattalega stöðu útibúa hér á landi. Áður en vikið er að álitinu sjálfu er vert að fjalla stuttlega um forsögu málsins.

i. Bindandi álit Ríkisskattstjóra nr. 02/07

Í bindandi álit Ríkisskattstjóra nr. 02/07 frá 7. febrúar 2007, var fjallað um skattalega stöðu útibúa hér á landi. Álitsbeiðandi var kanadískt félag sem hafði hug á að stofna íslenskt útibú gegnum kanadískt dótturfélag sitt. Óskaði álitsbeiðandi eftir bindandi álit á því hvort útibúinu væri heimilt að nýta sér frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. 1. mgr. tekjuskattslaga (TSL). Um er að ræða heimild hlutafélaga og annarra félaga og samlaga sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna til að draga frá tekjum fjárhæð sem nemur mótteknum arði.

Ríkisskattstjóri féllst á það með álitsbeiðanda að útibúi væri heimild að nýta sér umræddan frádráttarlið.

ii. Bindandi álit Ríkisskattstjóra nr. 07/07

Við nýjan tón kvað við ekki löngu síðar í bindandi álit Ríkisskattstjóra frá 19. september 2007 nr. 07/07.

Um efnislega sambærilegt mál var að ræða að hluta til. Álitsbeiðandi var kanadískt félag sem vildi stofna útibú á Íslandi í gegnum kanadískt dótturfélag. Kanadíska félagið vildi færa 100% eignarhald sitt á íslensku einkahlutafélagi undir útibúið. Í álitsbeiðninni kom fram það álit umboðsmanns álitsbeiðanda að útibúinu væri heimilt að draga frá tekjum fjárhæð sem nemur mótteknum arði frá íslenska einkahlutafélaginu líkt og hið fyrri álit Ríkisskattstjóra gaf til kynna.

Afleiðingin yrði sú að tekjuskattur sem arðsgreiðandi hefði haldið eftir í staðgreiðslu fengist að fullu endurgreiddur við álagningu að því gefnu að álagningin fæli ekki í sér neinn skatt eða nein gjöld útibúsins. Þá gæti útibúið sótt um og fengið heimild til samsköttunar með íslenska einkahlutafélaginu á grundvelli 55. gr. TSL. Að fenginni heimild þyrfti útibú kanadíska félagsins ekki að sæta staðgreiðslu skatts af arðstekjum frá íslenska dótturfélaginu sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996.

Í niðurstöðum Ríkisskattstjóra sagði að útibú félli ekki undir lögaðila í skilningi 2. gr. TSL og því væri útibúinu ekki heimilt að nýta sér frádráttarheimild 9. tölul. 1. mgr. 31. gr. TSL. Þá sagði enn fremur að skattleggja beri útibú í 26% þrepi, sem í dag er 23,5%, og jafnframt beri að leggja 10% fjármagnstekjuskatt á mótteknar arðgreiðslur. Ekki var fallist á að samsköttun útibúsins með dótturfélaginu væri heimil, þar sem heimild 55. gr. TSL um samsköttun taki til tveggja eða fleiri hlutafélaga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL.

iii. Úrskurður yfirséðanefndar nr. 53/2009

Álitsbeiðandi kærði ofangreint álit til yfirséðanefndar. Gerði kærandi þær kröfur að álituð yrði fellt úr gildi og nefndin myndi staðfesta beiðni hans um bindandi álit.

Yfirséðanefnd úrskurðaði svo að skilyrði takmarkaðrar skattskyldu samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 væru uppfyllt í tilviki fyrirhugaðrar starfsemi kanadíska dótturfélagsins hér á landi. Fallist var á með kæranda að tekjuskattur félagsins vegna starfrækslu fastrar starfsstöðvar hér á landi yrði 15% (að teknu tilliti til síðari lækkunar á tekjuskattshlutfalli) af tekjuskattsstofni, en ekki 26% svo sem ríkisskattstjóri byggði á í bindandi álit sínu, enda væri um að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð.

Yfirséðanefnd tók undir þá túlkun er fram kom álit Ríkisskattstjóra og hafnaði því að kanadíska félaginu yrði heimill frádráttur vegna arðstekna frá íslenska dótturfélaginu á þar sem umrædd frádráttarheimild væri aðeins skýrð svo að um væri að ræða arðgreiðslur til lögaðila sem væru heimilisfastir hér á landi eða í öðru aðildarríki innan EES. Þá var því sömuleiðis hafnað að útibú kanadíska félagsins hér á landi og íslenska dótturfélagið gætu fengið heimild skattstjóra til samsköttunar, því ákvæðið heimilaði ekki samsköttun með hlutafélögum, sem heimilisföst væru erlendis og kynnu að bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.


Kærandi hélt því fram að bann við samsköttun erlends móðurfélags, sem hefði með höndum starfsemi hér á landi frá fastri atvinnustöð, með innlendu dótturfélagi, bryti í bága við ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) Taldi kærandi ljóst að vilji löggjafans standi til þess að lög beri að túlka til samræmis við EES-samninginn og að túlka skuli lög með sama hætti hvort sem um sé að ræða aðila frá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðila frá öðrum ríkjum, nema löggjafinn hafi sett sérstök lagaákvæði um annað sem skýra bæri vilja löggjafans til samræmis við. Benti yfirséðanefnd á að þar sem Kanada væri ekki aðili að EES-samningnum nytu hvorki kærandi né dótturfélagiðverndar samningsins vegna hinnar fyrirhuguðu starfsemi félaganna hér á landi, enda væru bæði félögin skráð í Kanada og heimilisföst þar í landi. Kærandi hefði því enga hagsmuni af því að fá leyst úr slíkum álitaefnum í tengslum við mál félagsins.


Aðferð við tvísköttun tekna

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 2009 í máli nr. E-11252/2008

Stefnandi hafði verið heimilisfastur hér á landi frá árinu 1995 og aflað tekna hérlendis og erlendis; í Svíþjóð og Færeyjum. Ágreiningur var milli aðila um túlkun ákvæða tvísköttunarsamnings Norðurlandanna og skattalega meðferð tekna stefnanda frá Svíþjóð og Færeyjum.

Stefnandi krafðist þess að álagning opinberra gjalda skattstjórans í Reykjavík á stefnanda yrðu ómerkt. Skattstjóri hefði skert persónuafslátt hans um hlutfall hinna erlendu tekna af heildartekjum. Við skattafrádrátt hefði skattstjóri hins vegar ekki reiknað frádráttinn af reiknuðum skatti fyrir frádrátt persónuafsláttar, heldur af reiknuðum skatti eftir frádrátt. Þar með dreifðist persónuafsláttur hans bæði á innlendar

 Guðbrandur Jóhannsson (Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl.) gegn íslenska ríkinu (Sigurður Gísli Gíslason hrl.)

 **Aðferð við tvísköttun tekna – frávísun vegna vanreifunar**

og erlendar tekjur. Stefnandi hefði því ofgreitt tekjuskatt tiltekin ár.

Í öðru lagi krafðist stefnandi þess að viðurkennt yrði með dómi að stefnandi ætti rétt á dráttarvöxtum af ofgreiddum sköttum.

Í dómi Héraðsdóms sagði að stefnandi hefði í málatilbúnaði sínum aðeins vefengt aðferð ríkisskattstjóra við útreikning persónuafsláttar en ekki álagningu hans í heild sinni. Krafa hans um ómerkingu álagningar skattstjóra gengi því allt of langt. Réttara hefði verið að krefjast endurálagningar skattstjóra og endurgreiðslu oftekinna skatta. Í ljósi þess að krafa um endurgreiðslu oftekinna skatta fýrnist á fjórum árum hefði sækjandi þurft að taka fram hvenær stefnandi innti þá skatta af hendi sem hann taldi oftekna.

Málinu var því vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Virðisaukaskattur

Frumvarp til laga endurflutt

Frumvarpið leggur til breytingu á ákvæði til bráðabirgða XV í lögum um virðisaukaskatt, sem sett var með lögum nr. 10/2009 sem mælir fyrir um tímabundna heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna m.a. breytinga á eigin húsnæði eða frístundahúsnæði.

Skilyrði greinarinnar um „þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum vegna hönnunar eða eftirlits“ er fellt brott í frumvarpinu þar sem það var talið vera til þess fallið að raska samkeppni í tækni- og hönnunargreinum.

Lagt er til í frumvarpinu að gildistaka verði 1. mars 2009, til samræmis við lög nr. 10/2009.

Nýr upplýsingaskiptasamningur

Ísland og Bresku jómfrúreyjarnar

Sendiherra Íslands og Bresku jómfrúreyjanna undirrituðu upplýsingaskiptasamning varðandi skattamál í Reykjavík þann 18. maí síðastliðinn. Samningurinn fylgir OECD módelinu um upplýsingaskipti í öllum aðalatriðum.

Samningaviðræður í átaki Norðurlandanna eru langt komnar við Arúba og Hollensku Antillaeyjarnar.



Mál nr. 47, 137.
löggjafarþingi
vegna laga nr.
10/2009



Endurgreiðsla
virðisaukaskatts
vegna eigin
húsnæðis –
orðalag fellt brott



Upplýsinga-
miðlun sem
koma á í veg fyrir
skattaundanskot

[Home](#) | [Security](#) | [Legal](#) | [Privacy](#)

Smáratorgi 3
201 Kópavogur

Iceland

© 2009 Deloitte Touche Tohmatsu.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu and its member firms.